



Félag viðurkenndra bókara  
vt. Júlía Sigurbergsdóttir formaður  
Hulduborgum 1  
112 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. janúar 2012 R2012010018

### Efni: Frestir atvinnumanna til að skila skattframtölum 2012

Ríkisskattstjóri hefur sett eftirfarandi reglur og skilmála, sem raktir eru í bréfi þessu og jafnframt birtir á vef RSK; *rsk.is*. Frestir þessir eru umfram almenna framtalsfresti (sbr. auglýsingu ríkisskattstjóra dags. 13. janúar 2012) og eru því háðir skilmálum þeim, er að neðan greinir.

#### Sérstakir skilmálar:

Framlengingu á almennum skilafresti vegna einstakra framtalsskyldra aðila samkvæmt reglum þessum fá þeir er hafa atvinnu af framtalsgerð og fallast á skilmála þessa. Frestveiting miðast við rafræn skil á framtölum, nema í skilgreindum undantekningartilfellum. Þetta þýðir að skattframtali 2012, sem skilað er í framlengdum framtalsfresti, skal skilað á rafrænu formi. Jafnframt skal undantekningalaust einnig skila viðkomandi fylgiblöðum framtalsins, þar með talið ársreikningi ef við á, á rafrænu formi. Ástæða þykir til að vekja athygli á rafrænum skilum á ársreikningi til Ársreikningaskrár, samhliða skilum á ársreikningi með skattframtali.

A. Atvinnumaður skal skila lista yfir alla þá sem hann hyggst skila framtölum fyrir, flokkaðan í neðangreinda flokka:

1. Einstaklingar utan rekstrar.
2. Einstaklingar með rekstur.
3. Lögáðilar.

B. Frestur miðast við að framtölum sé skilað hlutfallslega sem hér segir:

1. Einstaklingar utan rekstrar:
  - 15. apríl 35%
  - 29. apríl 75%
  - 7. maí 100%

2. Einstaklingar með rekstur:
- 15. apríl 35%
  - 29. apríl 70%
  - 7. maí 100%
3. Lögaðilar:
- 31. maí 30%
  - 30. júní 60%
  - 15. ágúst 80%
  - 10. sept. 100%

C. Skil skulu vera jöfn og eiga sér stað a.m.k. vikulega í hverjum áfanga.

D. Almennar reglur X. - XIV. kafla laga nr. 90/2003 gilda þegar frestum sleppir.

#### **Almennir skilmálar:**

Almennt skal gæta eftirfarandi atriða við skil á framtölum, ársreikningum og öðrum framtalsgögnum:

- Skattframtali **manns** í atvinnurekstri skal fylgja ársreikningur auk tilskilinna fylgiskjala. Réttilega útfyllt eyðublað RSK 4.11, sem uppfyllir jafnframt öll skilyrði III. kafla laga um bókhald, telst fullnægjandi ársreikningur í þessu tilliti. Sé eðli starfseminnar hins vegar þannig að sundurliðun á tekjum, gjöldum, eignum og skuldum samkvæmt RSK 4.11 gefi ekki skýra mynd af henni **skal** sérstakur ársreikningur fylgja framtali ásamt RSK 4.11.
- Framtali hvers **lögaðila** skal undantekningarlaust fylgja undirritaður (sjá þó næstu málsgr.) ósamandreginn ársreikningur þess félags ásamt skýringum. Fjárhæðir á RSK 1.04 skulu þannig grundvallast á ársreikningi hvers einstaks félags vegna rekstrar þess – óháð því, hvort framteljandi hefur stöðu móður- eða dótturfélags innan fyrirtækjasamstæðu. Í þeim tilfellum, þegar ríkisskattstjóri hefur heimilað samsköttun, skv. 55. gr. laga nr. 90/2003, skal að auki fylgja samstæðureikningur.
- Sé ekki sent rafrænt skannað og undirritað afrit ársreiknings skal sendandi tilgreina í ársreikningi nöfn stjórnarmanna og staðfesta jafnframt við sendingu hins rafræna afrits að undirritað frumeintak sé til staðar.
- Ársreikningi og öðrum tilskildum fylgiskjölum lögaðila skal skila rafrænt (nema í skilgreindum undantekningartilvikum) á sama tíma og skattframtali.
- **Rafrænum ársreikningum er skilað annað hvort samhliða sendingu skattframtals úr framtalsforriti eða á þjónustuvefnum *skattur.is* og á það jafnt við um ársreikninga lögaðila sem og ársreikninga manna í atvinnurekstri.**
- Í þeim **undantekningartilvikum**, þegar ekki er boðið upp á rafræn skil, skal nota árituð eyðublöð framteljenda eins og frekast er kostur. Í þessum undantekningartilvikum er þó jafnframt heimilt að skila framtölum á eyðublöðum, sem prentuð eru með litarasta úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.

- Framtalsgögn verði í öllum ofangreindum undantekningartilfellum einnig merkt þeim sem framtalsgerð annast.
- Ársreikningar og önnur gögn, sem send kunna að vera á pappír, skulu auðkennd á forsíðu með kennitölu (fjölskyldunúmeri), nafni og sveitarfélagi skattaðila.

Umsóknir um frest til skila á skattframtölum 2012, sbr. ofangreinda skilmála, skal senda rafrænt, sbr. neðanskráð, til ríkisskattstjóra í síðasta lagi:

Sunnudaginn 1. apríl vegna manna.

Laugardaginn 2. júní vegna lögaðila.

Umsóknum skal skila:

- A. Með sendingu frestlista úr því framtalsforriti, sem notað er til skila á framtalsgögnum, eða
- B. Á vef ríkisskattstjóra, enda sé leið A ekki fyrir hendi; Frestumsóknir atvinnumanna 2012. Slóðin er: [rsk.is/frestur](http://rsk.is/frestur). Þar skal í upphafi skrá inn kennitölu frestumsækjanda og veflykil/lykilorð og óska eftir aðgangi að innskráningarforriti frestlista.

Samkvæmt framansögðu teljast umsóknir í tölvupósti eða bréfapósti ófullnægjandi.

Virðingarfyllt  
f. h. ríkisskattstjóra

  
Ingvar J. Rögnvaldsson

  
Karl Ó. Magnússon